



Hluthafafundur Íslandsbanka hf.

28. júlí 2023

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn í fundarsalnum Gullteig á Grand hótél Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík, föstudaginn 28. júlí 2023, kl. 11:00. Jafnframt var gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fór eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fór fram á íslensku en boðið var uppá túlkþjónustu á ensku.

Setning fundar

Finnur Árnason, stjórnarformaður Íslandsbanka, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna á hluthafafund bankans.

a) Kosning fundarstjóra og fundarritara

Finnur Árnason stjórnarformaður gerði að tillögu sinni að Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Dagmar Clausen Þórðardóttir, forstöðumaður á lögfræðisviði Íslandsbanka, yrði kosin fundarritari. Aðrar tillögur komu ekki fram og tóku Jóhannes Karl og Dagmar til starfa.

b) Lögmæti fundar

Fundarstjóri fór yfir framkvæmd boðunar fundarins. Boðað var til þessa hlutahafafundar með auglýsingu. Þann 2. júlí sl. birtist auglýsing um fundinn í upplýsingakerfi Nasdaq og á vefsíðu bankans, þann 3. júlí í *Morgunblaðinu* og þann 14. júlí í *Heimildinni* og *Viðskiptablaðinu*. Var fyrirvari á boðun fundarins nægilegur, í samræmi við ákvæði 88. gr. a í lögum um hlutafélög og samþykktir bankans.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan til að fjalla um og afgreiða þau málefni sem eru á dagskrá hans.

c) Fyrirkomulag fundar og atkvæðagreiðsla

Fundarstjóri fór stuttlega yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslu á fundinum, hægt sé að taka þátt í fundinum bæði rafrænt og með því að mæta á fundarstað. Atkvæðagreiðsla verði rafræn og fari einungis fram gegnum kerfi Lumi. Var enn fremur tekið fram að hluthöfum gæfist kostur á að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir með rafrænum hætti gegnum kerfið. Einnig gerði fundarstjóri grein fyrir því að mögulegt sé fyrir þá sem mættir eru á fundarstað að óska eftir því að taka til máls undir einstökum liðum með því að gefa merki þegar fundarstjóri býður upp á það.

Þá tók fundarstjóri fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hafi fengið um kerfið fullnægi það kröfum hlutafélagalaga um rafræna atkvæðagreiðslu á hluthafafundi, einkum ákvæði 80. gr. a., og samþykktu bankans, enda tryggði kerfið rétt hluthafa til að sækja hluthafafund, taka þar til máls og greiða atkvæði. Auk þess geri kerfið bankanum kleift að staðfesta hvaða hluthafar mættu á fundinn og hvaða atkvæðisrétt þeir hefðu, og niðurstöður atkvæðagreiðslna.



Dagskrá:

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Umfjöllun um sátt Íslandsbanka við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og viðbrögð Íslandsbanka við henni;
2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar;
3. Önnur mál.

1. Umfjöllun um sátt Íslandsbanka við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og viðbrögð Íslandsbanka við henni

Finnur Árnason, fráfarandi stjórnarformaður bankans, tók til máls og flutti erindi um sátt Íslandsbanka við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Hann fór yfir viðbrögð stjórnar bankans í kjölfar útboðsins og umræðu í samfélaginu. Skýrslu innri endurskoðanda og viðbrögð stjórnar við henni og síðar frummati fjármálaeftirlitsins. Einnig fór hann yfir málsmeðferð og ástæðu þess að bankinn óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri, tók til máls og flutti erindi um viðbrögð Íslandsbanka við sátt bankans við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Hann fór yfir viðbrögð starfsmanna bankans og vonbrigði starfsmanna innan annarra deilda bankans. Jón Guðni fór yfir úrbótaáætlun bankans sem er órjúfanlegur hluti af sátt bankans við fjármálaeftirlitið, tímalínu aðgerða og lokadagsetningu.

Í lok erinda þeirra var opnað fyrir spurningar frá hluthöfum.

Ari Daníelsson, fráfarandi stjórnarmaður, tók til máls. Gerði Ari stuttlega grein fyrir atburðarás við þátttöku hans í útboðinu á hlut ríkisins í bankanum þegar hann hafði nýverið tekið seti í stjórn bankans og ástæðum þess að hann tók þátt. Kvaðst hann harma að hafa ekki metið ákvörðun sína um þátttöku frá fleiri hliðum og taka ábyrgð með því að víkja sæti í stjórn bankanum og gefa ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu. Loks þakkaði Ari samstarfsfólki fyrir gott samstarf.

Ólafur Hannesson, hluthafi í Íslandsbanka, tók til máls. Áréttaði að hann beri fullt traust til starfsmanna bankans. Það sé virðingarvert að stjórnarformaður stígi til hliðar og það sé hluti af því að skapa traust. Segist finnast skjóta skökku við að í stað Birnu Einarsdóttur sé ráðinn aðili sem hafi starfað jafn lengi innan bankans og raun ber vitni. Segist hann telja að farsælast hefði verið að ráða utanaðkomandi aðila til að skapa traust. Hann bendi nýrri stjórn á það.

Finnur Árnason, stjórnarformaður bankans, tók til máls. Benti hann á að þetta séu sjónarmið sem hafi komið fram og farið sé yfir þennan þátt í spurt og svarað inni á heimasíðu bankans. Ákvörðun um þessa ráðningu hafi verið tekin að íhuguðu máli af stjórn bankans þegar hún fór fram og sú ákvörðun hafi verið rækilega yfirfarin í kjölfar umræðu sem átti sér í samfélaginu í kjölfar hennar. Það sé einhuga niðurstaða fráfarandi stjórnar að þetta hafi verið rétt ráðstöfun. Þetta hafi verið afmarkað verkefni og bankinn sé heilt yfir að standa sig mjög vel í rekstri og sé íhaldssamur. Við töku ákvörðunarinnar hafi m.a. verið horft til stöðugleika, starfsfólks, tengsla og fjármögnunar bankans.



Fundarstjóri greindi frá því að Margrét Þ. Hlíðdal Baldursdóttir, hluthafi í Íslandsbanka, hafi borið fram eftirfarandi spurningar til fundarins: „*Hvernig hyggst bankinn bæta hluthöfum þann skaða sem starfmenn bankans hafa sannarlega valdið bankanum og eigendum hans?*“ og „*Hvað með maka starfsmanna, er þeim líka óheimil verðbréfiðskipti?*“

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka tók til máls.

Segir hann stjórnendur hyggjast bæta hluthöfum þennan skaða með framkvæmd fyrirliggjandi aðgerðaráætlunar, tryggja að svona gerist ekki aftur og tryggja að arðsemi bankans sé góð og í samræmi við arðsemismarkmið til framtíðar. Einhugur sé meðal starfsmanna bankans hvað það varðar.

Varðandi seinni spurningu Margrétar um reglur bankans um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga svaraði Jón Guðni henni játandi, þær gildi líka um maka starfsmanna.

Hjörtur Sveinsson, hluthafi í Íslandsbanka, bar fram eftirfarandi spurningu til fundarins: „*Í ljósi mjög góðrar arðsemi eiginfjár, aukningu vaxtatekna og hagnaðar, mun bankinn leggja til vaxtalækkun útlána og/eða sleppa fylgni við vænta hækkun Seðlabanka Íslands við næstu stýrivaxtaákvörðun?*“

Jón Guðni sagði að þarna væri bankinn alltaf að reyna að finna hinn gullna milliveg, þ.e. að tryggja annars vegar ásættanlega arðsemi fyrir hluthafa og hins vegar eðlilega verðlagningu til viðskiptavina. Arðsemismarkmið bankans sé 10% sem þyki tiltölulega hóflegt í alþjóðlegum samanburði og hérna innanlands. Bankinn þurfi að hafa arðsemi til þess að geta stutt við atvinnulíf og uppbyggingu á rekstri á Íslandi og fjármögnun útlána en á sama tíma tryggja viðskiptavinum góð kjör með því að reka bankann á sem skilvirkastan hátt.

Varðandi athugasemdir varðandi hann sjálfan segir hann að það sé mat stjórnar á hverjum tíma hvort bankastjóri njóti trausts eða ekki. En hann muni gera sitt allra besta til að sinna starfi sínu fyrir bankann, byggja upp traust og bankann á nýjan leik og skapa þannig virði fyrir bæði hluthafa og viðskiptavini.

Finnur Árnason, fráfarandi stjórnarformaður tók aftur til máls.

Finnur þakkaði meðstjórnendum og starfsfólki bankans kærlega fyrir gott samstarf. Stjórnin hafi verið hreinskiptin í öllum sínum umræðum en einhuga við krefjandi aðstæður. Óskaði hann hluthöfum og nýrri stjórn sem kjörin verður á eftir velfarnaðar í þeim störfum sem þau taka sér fyrir hendur.

Fleiri tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn bankans hafi samþykkt það einhuga á fundi sínum að boða til hluthafafundar þar sem umboð allrar stjórnar og varamanna yrði endurnýjað til næsta aðalfundar. Stjórnin hafi þá í skilningi laga um hlutafélög skilað inn umboðinu á þessum fundi hér og þá er kosin alfarið stjórn með nýtt umboð fyrir þá sem hljóta kjör.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt samþykktum bankans skyldi stjórn skipuð sjö mönnum og tveimur til vara. Fyrst sé kjörin stjórn, síðan varastjórn og síðan sé formaður stjórnar sérstaklega.



Í samræmi við samþykktir bankans fari fram margfeldiskosning og fór stuttlega yfir framkvæmd hennar og ferli í aðdraganda stjórnarkjörs.

Jafnframt greindi fundarstjóri frá því að í samræmi við samþykktir bankans hafi frambjóðendur til stjórnar málfrelsi og tillögurétt á hluthafafundum bankans. Ásgeir Brynjar Torfason og Helga Hlín Hákonardóttir hafi óskað eftir að taka til máls og kynna sig. Ásgeir og Helga Hlín tóku til máls og gerðu grein fyrir þekkingu sinni og reynslu til upplýsingar fyrir hluthafafundinn.

Ekki tóku fleiri frambjóðendur til máls.

Upplýsingar um frambjóðendur eru aðgengilegar á heimasíðu bankans.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt er fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 1.585.061.695 króna eða sem samsvarar 79,25% af heildarhlutafé bankans án tillits til eigin hluta bankans.

Eftirtaldir 11 aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn Íslandsbanka:

- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður
- Ásgeir Brynjar Torfason
- Elín Jóhannesdóttir
- Frosti Ólafsson, stjórnarmaður
- Frosti Sigurjónsson
- Haukur Örn Birgisson
- Helga Hlín Hákonardóttir
- Linda Jónsdóttir
- Stefán Pétursson
- Valgerður Skúladóttir, stjórnarmaður

Kosning fór fram með margfeldiskosningu og voru eftirfarandi aðilar kosnir í stjórn bankans:

- Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður
- Anna Þórðardóttir, stjórnarmaður
- Frosti Ólafsson, stjórnarmaður
- Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður
- Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarmaður
- Linda Jónsdóttir, stjórnarmaður
- Stefán Pétursson, stjórnarmaður

Lýsti fundarstjóri þau réttkjörin sem aðalmenn í stjórn bankans.

Fundarstjóri greindi frá því að eftirfarandi aðilar væru í framboði til varastjórnar bankans:

- Herdís Gunnarsdóttir
- Páll Grétar Steingrímsson



Þar sem engin önnur framboð hafi borist til varastjórnar og séu þau því sjálfkjörin í varastjórn bankans.

Í framboði til stjórnarformanns er Linda Jónsdóttir, sem kjörin hefur verið í stjórn bankans, ein í framboði og er þá sjálfkjörin sem stjórnarformaður.

3. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Oddur Sigurðsson, hluthafi og formaður starfsmannafélags Íslandsbanka, tók til máls. Sagðist hann vonast eftir góðu samstarfi við nýja stjórn og greindi frá því að honum finnst vanta rödd starfsmanna í málefnum sem þeim tengjast og bauð stjórn að hann kæmi á fund stjórnar og fari yfir málin frá sjónarhorni starfsmanna.

Þórlaug Ágústsdóttir, hluthafi í bankanum, stjórnsmálafræðingur, tók til máls. Kvaðst hún velta því fyrir sér, í tengslum við þessa skýrslu og úttekt, hvort það mætti í leiðinni fá úttekt hvar ekki var farið eftir þeim tillögum sem komu eftir hrunið, hverjar af þeim ekki verið innleiddar, og verið sé að læra aftur núna.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri, tók til máls. Jón Guðni sagðist telja það mjög fjarri lagi að enginn lærdómur hafi náðst af hruninu, það hafi orðið gjörbreyting þar á með miklu stífara regluverki, sterkum efnahagsreikningum og almennt góðri stjórnun heilt yfir. Íslenska bankakerfið standi styrkum fótum. Mistök hafi verið gerð í framkvæmd þessa verkefnis, af því verði dreginn lærdómur, en það sé svo sannarlega ekki þannig að ekkert hafi lærst frá hruninu. Þetta verði skoðað, hvað Þórlaug sé nákvæmlega að vísa til.

Jón Guðni þakkaði hluthöfum og öðrum fyrir að taka þátt í fundinum. Sagði hann síðustu vikur hafa verið krefjandi í bankanum. Nú sé komin ný og öflug stjórn og andi sé í starfsmannahópnum að taka saman höndum og halda áfram. Það sé skýrt hvað verk sé fyrir höndum, framkvæmd fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun og á sama tíma tryggja traustan og góðan rekstur til framtíðar fyrir hluthafa og viðskiptavini.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð eftir fundinn enda verði fundargerðin birt á heimasíðu bankans.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 12:48.

Fundarstjóri

Jóhannes Karl Sveinsson hrl.

Fundarritari

Dagmar Clausen Þórðardóttir